

Smiðja – 5

7. – 8. bekkur 18. janúar - 16. febrúar

Myndmennt – Viltu koma að spila?

Kennarar: Vilma og Silla

Í þessari smiðju munum við hanna og útbúa borðspil. Áhersla verður lögð á að finna góða og skemmtilega hugmynd og útfæra á einfaldan hátt því að í síðustu vikunni munum við svo prófa spilin og hafa gaman. Ef tími gefst munum við vinna spilapeðin í jarðleir.

Námsmarkmið: Nemandi getur

- getur unnið hugmynd frá skissu að lokaverki
- getur unnið mynd á sjálfstæðan hátt þar sem byggt er á fyrri þekkingu og reynslu

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.



Prjón

Kennari: Ingibjörg

Verkefni: Prjóna eftir eigin hugmynd húfu á hringprjón.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- geti hannað eigin hugmynd af prjónuðum textíl
- geti prjónað brugðið prjón
- hafi öðlast færni í að prjóna í hring

Námsmarkmið: Að nemendur

- læri að prjóna einfalda húfu
- kunni að fitja upp og prjóna sléttprjón
- geti gengið frá prjónuðu stykki til notkunar

Námsmat: Símat er í hverjum tíma, þar sem gefið er fyrir vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði, verkfærni, umgengni/ábyrgð og samskipti. Í lok námskeiðsins er gefið í bókstöfum samkvæmt aðalnámskrá og merkt í hæfniviðmið í Mentor.

Heimilisfræði

Kennari: Linda

Verkefni: Farið verður yfir persónulegt hreinlæti, þvott og þvottamerki, umhverfis- og endurvinnslumerki ásamt því að prófa að strauja.

Í smiðjunni munum við æfa okkur í brauðbakstri, að elda einfalda rétti, leggja snyrtilega á borð og ganga frá, ásamt því að baka sætabrauð.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld
- matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best
- farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk hæfniviðmiða.

Gestabók

Kennari: Ingólfur

Í þessari smiðju gerum við gestabók úr birkikrossvið og grenigreinum. Nemendur læra að mæla upp efni, vinna með vinkla og mælitæki og þjálfast í að nýta sér vinnulýsingu.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- valið og notað á réttan hátt, mælitæki og verkfæri
- valið samsetningu og yfirborðsmeðferð við hæfi

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.



Stop – motion og stuttmyndagerð

Kennari: Eydís

Staður: Stærðfræði 2

Nemendur læra um ýmis atriði sem tengjast kvikmyndum svo sem að nota grænskjá, hljóðeffecta, klippingu eða ólík sjónarhorn. Þeir vinna handrit í litlum hópum eða einstaklingslega ef þeir kjósa og ákveða svo hvaða leið er farin í uppsetningu og upptöku. Við notum lpada í eigu skólans.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna
- skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og / eða rannsókn, myndrænt og/ eða í texta

Námsmat: Tillit tekið til frammistöðu í tíma og samskipta við aðra í hópnum.

Íþróttir

Kennari: Villi

Staður: Íþróttasalur

Markmið og verkefni: Að bjóða upp á eitthvað við allra hæfi

Markmið smiðjunnar er að bjóða upp á eitthvað við allra hæfi þar sem farið verður í fjölbreyttar íþróttir og ýmislegt prófað, þar á meðal glænýir leikir. Þó verður einnig heimsótt sívinsæla leiki á við Counter strike og Hunger Games.

Námsmat: Námsmat er í formi símats og frammistöðumats og gefið er í bókstöfum. Til grundvallar námsmati eru eftirfarandi þættir metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði, framkoma og umgengni.